



**Byggðaráð Blönduósbæjar - 86. fundur byggðaráðs Blönduósbæjar
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 19. apríl 2017
og hófst kl. 15:00**

Fundinn sátu:

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður
Zophonías Ari Lárusson, varaformaður
Hörður Ríkharðsson, aðalmaður
Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri Blönduósbæjar

Dagskrá:

1. Samningar við félagasamtök árið 2017 - 1702007

Byggðaráð samþykkir eftirfarandi samninga:

- a) Samningur við Júðfélagið Pardus samþykktur*
- b) Samningur við Björgunarfélagið Blöndu samþykktur*
- c) Samningur við Hestamannafélagið Neista samþykktur*
- d) Samningur við Golfklúbbinn Ós samþykktur*
- e) Samningur við Ungmennasambandið A-Hún. samþykktur*
- f) Samningur við Reiðhöllina Arnargerði ehf. og Hestamannafélagið Neista samþykktur*
- g) Samningur um rekstur Blönduósvallar við Knattspyrnudeild Ungmennafélagsins Hvatar samþykktur*
- h) Samningur við Ungmennafélagið Hvatar um æskulýðs- og íþróttastarf samþykktur*

2. Íþróttamiðstöð - skilti - 1704007

Fyrir fundinn liggur erindi frá Róberti D. Jónssyni forstöðumanni

Íþróttamiðstöðvarinnar á Blönduósi.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 fyrir Íþróttamiðstöðina var samþykkt að setja upp skilti við þjóðveg 1 sem að auglýsti sundlaugina á Blönduósi.

Hins vegar kann það að vera erfiðleikum bundið vegna laga og reglna þar um.

Byggðaráð leggur til að kynningar-og auglýsingamál verði kannaðar á víðum grundvelli í samræmi við hugmyndir forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar.

3. Ámundakinn - fundarboð - 1704006

Aðalfundur Ámundakinnar ehf. verður haldinn í Eyvindarstofu mánudaginn 24. apríl n.k.

Byggðaráð samþykkir að Zophonías Ari Lárusson fari með atkvæði Blönduósbæjar á aðalfundinum.



4. Markaðsstofa Norðurlands - Flugklasinn Air 66N - 1704002

Óskað er eftir aðkomu sveitarfélagsins til að fjármagna starf verkefnisstjóra með framlagi sem nemur 300 kr. á hvern íbúa á ári í 2 ár.

Byggðaráð hafnar erindinu.

5. Upplýsingamiðstöð - 1603021

Sveitarstjóri kynnti vinnu sem að stýrihópur um upplýsingamiðstöð á Blönduósi hefur verið að vinna að undanförmum og áform um að auglýst verði eftir starfsmanni í upplýsingamiðstöð.

6. Önnur mál - 1506021

Engin önnur mál

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:30

Guðmundur Haukur Jakobsson

Zophonías Ari Lárusson

Hörður Ríkharðsson